



Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

***Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks um mögulegt brot vegna ákvörðunar ÍR um að leggja niður meistaraflokk kvenna í handknattleik***

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 14. maí 2020, var samþykkt að vísa svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Með hliðsjón af ábendingum sem ráðinu bárust varðandi ákvörðun íþróttafélags um að leggja niður meistaraflokk kvenna í íþróttagrein en halda áfram á sama tíma með meistaraflokk karla, þá er þess óskað að mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa svari því almennt, sem leiðbeinandi svar:

1. Hvort íþróttafélag sem leggur niður íþróttastarf í kvenna- eða stúlknaflökki, á sama tíma og starf í karla- eða drengjaflokki er haldið áfram, og öfugt, þ.e. ef karla- eða drengjaflokksstarf leggst niður á meðan kvenna- eða stúlknaustarf heldur áfram, sé með slíkri ákvörðun að brjóta mannréttindastefnu borgarinnar.
2. Hvort íþróttafélög sem taka slíkar ákvarðanir séu mögulega að brjóta samninga sem þau hafa gert við Reykjavíkurborg.
3. Hvaða áhrif það hafi á samningssamband slíkra félaga við borgina að það brjóti jafnréttisstefnu sína og borgarinnar.

Það er mikilvægt fyrir íþróttafélög í borginni að þessi svör séu tiltæk sem leiðbeiningar varðandi samningssamband þeirra við borgina. Íþróttafélög hafa flest yfir takmörkuðu fjármagni að ráða og aldrei minna en núna, og þess vegna því mun meira áriðandi að íþróttafélög borgarinnar fái svör við þessum spurningum sem allra fyrst

**Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:**

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 14. maí s.l. var lagt fram minnisblað dags. 12. maí s.l. um ábendingu sem barst til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vegna þess að kvennahandbolti í meistaradeild ÍR hafði verið lagður niður en karlaliðið starfaði áfram.

Á fundi ráðsins þann 14. maí var gerð grein fyrir því munnlega hvernig þessum spurningum hefði verið svarað þó að það hefði ekki komið fram í minnisblaði um málið þar sem fundargögn voru send út áður en gengið hafði verið frá svarinu.

Hér á eftir eru svör við fyrirspurnum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem eru afar keimlíkar þeim

spurningum sem einstaklingurinn sem sendi inn erindi setti fram og því eru svörin svipuð og þau sem einstaklingurinn fékk sem sendi inn ábendinguna um mögulega mismun og brot á samningi.

1. Hvort íþróttafélag sem leggur niður íþróttastarf í kvenna- eða stúlknafllokki, á sama tíma og starf í karla- eða drengjaflokki er haldið áfram, og öfugt, þ.e. ef karla- eða drengjaflokksstarf leggst niður á meðan kvenna- eða stúlknaustarf heldur áfram, sé með slíkri ákvörðun að brjóta mannréttindastefnu borgarinnar.

**Svar:**

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Reykjavíkurborg hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum með megin áherslu á jafna stöðu allra kynja.

Í 13. grein samstarfssamnings Reykjavíkurborgar og ÍBR, fyrir hönd íþróttafélaganna í Reykjavík, er tilgreint að styrkþegar skuli fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Það er mat okkar að ef ákveðið er að leggja niður kvennaflokk en ekki karlaflokk eða öfugt þá sé um mismunun að ræða. Slík ákvörðun stangast á við kafla 2 í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar en þar segir að óheimilt sé að mismuna fólki vegna kyns. Með slíkri aðgerð væri félag því að brjóta mannréttindastefnu borgarinnar og þar með 13. grein fyrrgreinds samnings.

2. Hvort íþróttafélög sem taka slíkar ákvarðanir séu mögulega að brjóta samninga sem þau hafa gert við Reykjavíkurborg.

**Svar:**

Samkvæmt 13. gr. fyrrgreinds samstarfssamnings skulu ÍBR og íþróttafélögin sjá til þess að allir njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Taki félögin slíkar ákvarðanir þá eru félögin að fara gegn skilyrðum 13. gr. samningsins.

3. Hvaða áhrif það hafi á samningssamband slíkra félaga við borgina að það brjóti jafnréttisstefnu sína og borgarinnar.

**Svar:**

Markmið samstarfssamningsins er að efla tengsl Reykjavíkurborgar við íþróttafélögin og skapa sem bestar aðstæður til að íþróttastarf í Reykjavík verði áfram kraftmikið, borgarbúum til heilla. Til að því markmiði verði náð er mikilvægt að allir samningsaðilar standi við samningsbundnar skyldur sínar. Ef grunur vaknar um samningsbrot leitar borgin leiða til að leysa ágreininginn áður en beiting vanefndarúrræða á borð við riftun samnings kemur til skoðunar.

**Í lok fyrirspurna fulltrúa Sjálfstæðisflokksins er eftirfarandi texti:**

Það er mikilvægt fyrir íþróttafélög í borginni að þessi svör séu tiltæk sem leiðbeiningar varðandi samningssamband þeirra við borgina. Íþróttafélög hafa flest yfir takmörkuðu fjármagni að ráða og aldrei minna en núna, og þess vegna því mun meira áriðandi að íþróttafélög borgarinnar fái svör við þessum spurningum sem allra fyrst.

### **Viðbrögð mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:**

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa getur sent þessi svör til hverfisíþróttafélaganna óski mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð eftir því. Það ætti hins vegar að vera félögunum kýrljóst að það ber að standa við gerða samninga.

Skrifstofan leggur til að ef ákveðið verður að senda þessi svör til félaganna þá fylgi einnig með einfaldur gátlisti, sem skrifstofan vinnur, með þeim atriðum sem hafa þarf í huga á niðurskurðartímum þannig að niðurskurður bitni ekki á einum hópi umfram annan og brjóti með þeim hætti jafnréttisstefnu félaganna, mannréttindastefnu borgarinnar og þannig samninga.

### **Til fróðleiks:**

13. grein samnings ÍBR, fyrir hönd borgarinnar, og íþróttafélaganna sem er oftsinnis vitnað til í þessum svörum.

#### **13. gr.**

ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að allir njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáníningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. ÍBR og íþróttafélögin eiga einnig að tryggja öryggi og velferð iðkenda og annarra sem að íþróttastarfinu koma. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun til að fylgja eftir stefnunni. ÍBR og íþróttafélögin skulu fylgja siðareglum og hegðunarviðmiðum, m.a. reglum til að sporna við kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi í íþróttum, mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Íþróttafélögin skulu bjóða uppá fjölbreytt starf og móti sér verkferla við móttöku á iðkendum af erlendum uppruna. Hverfisfélög skulu setja sér markmið um að hlutfall barna af erlendum uppruna í iðkendahóp endurspegli íbúasamsetningu hverfisins. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur, siðareglur og verkferla, og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis. Á samningstímanum verður unnið að siðamálum þar sem íþróttafélögin tilnefna tvo fulltrúa sem aðstoða í málaflokknum innan hvers félags. Verði gerð úttekt á stöðu þessara mála á samningstímanum veiti íþróttafélögin fúslega allar upplýsingar sem á þarf að halda.

Virðingarfyllst

Anna Kristinsdóttir  
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar